

Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar

Dags:

Byggingarfulltrúi Dalabyggðar

Efni: Tilkynning um skógrækt / ósk um framkvæmdaleyfi

Undirritaður tilkynnir hér með Dalabyggð um skógræktaráform á jörðinni Stóra- Langadal í Dalabyggð. Landnúmer 137510

Væntanlegur samningur við Skógræktina tekur til um 148 ha. lands og meðfylgjandi er greinargerð um landið ásamt korti af svæðinu.

Einnig er óskað afstöðu sveitastjórnar hvort framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 sé krafist.

Í 4. gr. reglugerðarinnar segir m.a.

Allar framkvæmdir sem teljast meiriháttar, hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Leyfisveitandi metur hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld skv. 1. mgr., falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Landeigandi telur framkvæmdina í samræmi við gildandi aðalskipulag Dalabyggðar (landbúnaðarland). Undirbúningur ræktunaráætlunar felur meðal annars í sér kortlagningu fyrirhugaðs ræktunarlands (unnin af skógfræðingi) og þar með hvort einhver úrtök verða gerð innan ræktunarsvæða vegna verndarákvæða náttúruverndarlaga, fornminjalaga og/eða annara takmarka sem kunna að koma í ljós.

- Á fyrirhuguðu samningssvæðinu eru ekki friðlýst svæði.
- Landið er ekki á náttúruminjaskrá
- Engar friðlýstar fornminjar eru skráðar á fyrirhuguðu samningsvæði.

Markmið-hönnun: Gert er ráð fyrir nytjaskógrækt á svæðinu

Almennt: Fyrirhugað skógræktarsvæði er 148 ha. að stærð. Stutt svæðislýsing, sjá fylgigagn Stóri-Langidalur í Dalabyggð skógrækt. Guðmundur Sigurðsson 2019.

Undirrituð/aður óskar hér með svara sveitarstjórnar við því hvort heimilt sé að hefja framkvæmdir við skógrækt á fyrirhuguðu ræktunarsvæði á Stóra-Langadal.



Undirskrift